

AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2018

2021/EES/13/37

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/164 frá 31. janúar 2017 um gerð fjórðu skrár yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/322/EBE, 2000/39/EB og 2009/161/ESB ⁽¹⁾.
- 2) XVIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 3a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/322/EBE) og 16j (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/39/EB):

„– **32017 L 0164:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/164 frá 31. janúar 2017 (Stjtið. ESB L 27, 1.2.2017, bls. 115).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 16jf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/161/ESB):

„, breytt með:

– **32017 L 0164:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/164 frá 31. janúar 2017 (Stjtið. ESB L 27, 1.2.2017, bls. 115).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 16jg (tilskipun ráðsins 2010/32/ESB):

„16jh. **32017 L 0164:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/164 frá 31. janúar 2017 um gerð fjórðu skrár yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/322/EBE, 2000/39/EB og 2009/161/ESB (Stjtið. ESB L 27, 1.2.2017, bls. 115).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (EB) 2017/164, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 1.2.2017, bls. 115.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.